

ORD

dagsins



Apríl

2026

02.árg

Hugsjón

Markmið biblíulestrarplansins er að sameina söfnuðinn í sameiginlegu ferðalagi í Orði Guðs. Við viljum hvetja hvert annað til að lesa reglulega í Biblíunni, dýpka skilning okkar og styrkja samband okkar við Guð – bæði sem einstaklingar og sem samfélag.

Þegar við lesum sömu kafla á sama tíma skapast sameiginlegur grundvöllur fyrir samtal, bæn og uppbyggingu. Orðið verður ekki aðeins persónuleg næring heldur sameiginleg reynsla sem styrkir einingu okkar. Við trúum því að Orð Guðs sé lifandi og kraftmikið, eins og segir í Hebr. 4:12, og að það umbreyti lífi okkar þegar við opnum hjörtu okkar fyrir því.

Þema mánaðarins hjálpar okkur að kafa dýpra í sannindi Biblíunnar og leyfa Orðinu að móta hugarfar okkar og líf. Miðpunktur trúar okkar er Jesús Kristur – sem dó og reis upp aftur til að gefa okkur líf, von og frelsun.

Miðpunktur trúar okkar er Jesús Kristur – að hann dó fyrir okkur og reis upp aftur til að gefa okkur líf, von og frelsun. Þess vegna viljum við dvelja í Orðinu, því þar lærum við að þekkja hann betur og lifa í sannleika hans.

Von okkar er að þetta lestrarplan verði verkfæri sem hjálpi söfnuðinum að vaxa í trú, þekkingu og kærleika, og að Orð Guðs sé ljós á vegi okkar og grundvöllur samfélags okkar.

1. Miðvikudagur

Matt. 1:23

Hugleiðing: *Jesús minnir okkur á að vegur hans felur í sér þjáningu og fórn, en einnig sigur og nýtt líf.*

Bæn: *Drottinn, gef mér trú til að treysta þér jafnvel þegar ég skil ekki veg þinn og vona á upprisuna sem þú lofar.*

2. Fimmtudagur

Matt. 1:23

Hugleiðing: *Jesús minnir okkur á að vegur hans felur í sér þjáningu og fórn, en einnig sigur og nýtt líf.*

Bæn: *Drottinn, gef mér trú til að treysta þér jafnvel þegar ég skil ekki veg þinn og vona á upprisuna sem þú lofar.*

3. Föstudagur

Mark. 9:31

Hugleiðing: *Jesús opinberar að jafnvel í erfiðleikum og dauða er Guð að vinna að stærri áætlun um líf og sigur.*

Bæn: *Drottinn, hjálpaðu mér að treysta á þína áætlun, jafnvel þegar leiðin er þung og óskiljanleg.*

4. Laugardagur

Esk. 37:13

Hugleiðing: *Guð vekur til lífs þar sem allt virðist dauft og vonlaust.*

Bæn: *Drottinn, blástu nýju lífi í það sem er orðið þurrt og dauft í lífi mínu og fylltu mig von þinni.*

5.Sunnudagur

Jóh. 11:25

Hugleiðing: *Jesús er ekki aðeins sá sem gefur líf—hann er sjálft lífið, og í honum finnum við von sem sigrar jafnvel dauðann.*

Bæn: *Drottinn Jesús, hjálpaðu mér að treysta á þig sem upprisuna og lífið, og lifa í þeirri von og vissu á hverjum degi.*

6.Mánudagur

Opin. 1:8

Hugleiðing: *Jesús er upphafið og endirinn - hann heldur öllu í sínum höndum frá byrjun til enda*

Bæn: *Drottinn, leið mér að fylgja þér og vera hluti af líkama þínum í einingu og trú*

7.Þriðjudagur

Efes. 1:22

Hugleiðing: *Jesús opinberar að jafnvel í erfiðleikum og dauða er Guð að vinna að stærri áætlun um líf og sigur.*

Bæn: *Drottinn, hjálpaðu mér að treysta á þína áætlun, jafnvel þegar leiðin er þung og óskiljanleg.*

8.Miðvikudagur

Sálm. 118:22

Hugleiðing: *Það sem var hafnað verður grunnur, Jesús er hornsteinn lífsins*

Bæn: *Drottinn, hjálpaðu mér að byggja líf mitt á þér.*

9.Fimmtudagur

Róm. 11:26

Hugleiðing: *Jesús er ljós sem rís og gefur von nýs dags.*

Bæn: *Drottinn, láttu ljós þitt skína í lífi mínu og leiða mig áfram.*

10. Föstudagur

Róm. 11:26

Hugleiðing: *Jesús kemur sem frelsari sem leysir okkur undan synd og myrkri.*

Bæn: *Drottinn, þakka þér fyrir frelsunina - hjálpaðu mér að lifa í frelsi þínu.*

11. Laugardagur

Jóh. 8:58

Hugleiðing: *Jesús er eilífur - hann er "Ég er" nærveran sjálf.*

Bæn: *Drottinn, hjálpaðu mér að treysta þér sem hinum eilífa og óbreytanlega.*

12. Sunnudagur

Jóh. 8:12

Hugleiðing: *Í Jesú finnum við ljós sem rekur burt myrkur.*

Bæn: *Drottinn, lýstu upp veg minn og gerðu mig að ljósi fyrir aðra.*

13. Mánudagur

Jóh. 1:14

Hugleiðing: *Jesús er sannleikurinn sem opinberar Guð og leiðir okkur réttan veg.*

Bæn: *Drottinn, leið mig í sannleika þinn og hjálpaðu mér að lifa eftir honum,*

14. Þriðjudagur

Matt. 2:15

Hugleiðing: *Jesús er songur Guðs, sendur í kærleika til að frelsa heiminn.*

Bæn: *Drottinn, þakka þér fyrir son þinn - hjálpaðu mér að taka á móti honum í trú.*

15. Miðvikudagur

Hebr. 2:10

Hugleiðing: *Jesús leiðir okkur til frelsunar sem hinn fullkomni leiðtogi.*

Bæn: Drottinn, leið mig á veg frelsunar þinna og styrktu trú mína.

16. Fimmtudagur

Jes. 9:6

Hugleiðing: *Jesús er hinn dásamlegi ráðgjafi sem gefur visku og leiðsögn*

Bæn: *Drottinn, leið mig með visku þinni í öllum ákvörðunum mínum.*

17. Föstudagur

Jes. 26:4

Hugleiðing: *Guð er eilífur klettur sem við getum treyst á.*

Bæn: *Drottinn, styrktu mig til að hvíla í þér og treysta þér ávallt.*

18. Laugardagur

Opin. 19:13

Hugleiðing: *Jesús er lifandi*

Bæn: *Drottinn, hjálpaðu mér að byggja líf mitt á þér.*

19. Sunnudagur

Jóh. 10:11

Hugleiðing: *Jesús er góði hirðirinn sem þekkir, leiðir og verndar sauði sína. Hann gaf líf sitt fyrir okkur og gefur okkur líf í fullri gnægð. Að fylgja honum er að lifa undir umhyggju hins fullkomna hirðis.*

Bæn: *Jesús, takk fyrir að þú ert hinn góði hirðir. Leiddu líf mitt og hjálpaðu mér að fylgja mér alltaf.*

20.Mánudagur

Jóh. 1:3

Hugleiðing: *Allt er skapað fyrir og í gegnum Jesú*

Bæn: *Drottinn, hjálpaðu mér að sjá sköpun þína og lífa í þakklæti*

21.Þriðjudagur

1.Kor 10:4

Hugleiðing: *Jesús er kletturinn sem gefur okkur stöðugleika og styrk.*

Bæn: *Drottinn, vertu minn klettur og sterkur í öllum aðstæðum*

22.Miðvikudagur

Opin. 1:17

Hugleiðing: *Jesús er yfir öllu - hann er upphafið og endirinn.*

Bæn: *Drottinn, hjálpaðu mér að setja þig alltaf í fyrsta sæti í mínu lífu.*

23.Fimmtudagur

Lúk. 9:20

Hugleiðing: *Jesús er smurði frelsari sem Guð hefur sent.*

Bæn: *Drottinn, hjálpaðu mér að játa þig sem Krist í lífi mínu.*

24.Föstudagur

Matt 1:21

Hugleiðing: *Nafn Jesú merkir frelsun - hann frelsar fólk sitt frá syndum sínum*

Bæn: *Drottinn Jesús, þakka þér fyrir frelsunina sem þú gefur mér.*

25. Laugardagur

Jes. 40:3

Hugleiðing: *Drottinn kemur með kraft og nærveru til fólks síns.*

Bæn: *Drottinn, undirbúðu hjarta mitt til að taka á móti þér.*

26. Sunnudagur

Jóh. 6:26-35

Hugleiðing: *Jesús kennir að hið sanna brauð er ekki aðeins líkamleg fæða. Hann sjálfur er brauðið sem gefur eilíft líf. Sá sem trúir á hann mun aldrei vera andlega tómur.*

Bæn: *Drottinn Jesús, takk fyrir að í þér finnum við sanna lífið.*

Hjálpaðu mér að treysta á þig á hverjum degi.

27. Mánudagur

Dan. 9:25

Hugleiðing: *Jesús er hinn fyrirheitni Messías sem Guð lofaði í gegnum aldirnar. Í honum sjáum við að Guð gleymir ekki lofordum sínum, heldur framkvæmir þau á réttum tíma.*

Bæn: *Drottinn, styrktu trú mína þegar ég bið eftir þér og hjálpaðu mér að treysta því að þú uppfyllir alltaf loforð þín á réttum tíma.*

28. Þriðjudagur

Jóh. 1:14

Hugleiðing: *Jesús er friðarhöfðinginn sem færir ekki aðeins ytri frið heldur djúpan innri frið sem stendur stöðugur þrátt fyrir aðstæður. Friður hans byggist ekki á því sem gerist í kringum okkur heldur á því hver hann er. Í honum finnum við hvíld fyrir sálina.*

Bæn: *Drottinn, kenn mér að hvíla í friði þínum og leita hans frekar en að reyna að stjórna öllu sjálfur.*

29. Miðvikudagur

Opin. 3:14

Hugleiðing: *Jesús er „amen“, hinn trúi og sanni vitni—hann er fullkomin staðfesting á öllu sem Guð hefur sagt. Í heimi þar sem margt er ótryggt og breytilegt er Jesús fastur punktur sannleikans sem við getum byggt líf okkar á.*

Bæn: *Drottinn, hjálpaðu mér að standa stöðugur í sannleika þínum og treysta þér jafnvel þegar allt annað virðist óvíst.*

30. Fimmtudagur

Dóm. 6:24

Hugleiðing: *Guð opinberar sig sem „Shalom“—friður sem nær yfir alla tilveru okkar, ekki aðeins skort á átökum heldur heilindi, lækningu og jafnvægi. Friður hans snertir hjarta, huga og líf og endurreisir það sem er brotið.*

Bæn: *Drottinn, fylltu mig með friði þínum sem lækna, styrkir og endurnýjar allt mitt líf.*

Þema mánaðarins – Hver er Jesú

Jesús Kristur er ein áhrifamesta persóna mannkynssögunnar og hefur haft djúp áhrif á trú, menningu og siðferði um allan heim. Samkvæmt kristinni trú er hann sonur Guðs og frelsari mannkyns. Hann fæddist í Betlehem fyrir um það bil 2000 árum og ólst upp í Nasaret. Líf hans og kenningar eru skráðar í Nýja testamentinu í Biblíunni. Nöfn á Jesú eru svo mörg og endurspeгла hlutverk hans og merkingu, til dæmis er hann kallaður Frelsarinn, Kristur, Guðssonur, Drottinn, Góði hirðirinn og Ljós heimsins.

Jesús kenndi um kærleika, fyrirgefningu og miskunn. Hann lagði áherslu á að elska náungann eins og sjálfan sig og hjálpa þeim sem minna mega sín. Með dæmisögum sínum og verkum reyndi hann að sýna fólki hvernig ætti að lifa réttlátu og góðu lífi. Hann læknaði sjúka, hjálpaði fátækum og sýndi samkennd með þeim sem voru jaðarsettir.

Samkvæmt kristinni trú var Jesús krossfestur í Jerúsalem, en reis upp frá dauðum þremur dögum síðar. Upprisan er ein af meginstoðum kristinnar trúar og táknar sigur lífsins yfir dauðanum og von um eilíft líf.

Fyrir marga er Jesús ekki aðeins trúarleg persóna heldur einnig siðferðilegt fyrirmynd. Kenningar hans halda áfram að hafa áhrif á fólk og minna á mikilvægi kærleika, auðmýktar og réttlætis í daglegu lífi.

Vikulegar bænastundir

Í hverri viku bjóðum við upp á bænastundir sem eru öllum opnar. Þar komum við saman til að leita Guðs, biðja fyrir hvert öðru, söfnuðinum og samfélaginu okkar. Þetta eru dýrmætar stundir þar sem við styrkjumst í trú og einingu.

Bænastundir eru haldnar á eftirfarandi tímum:

Mánudagar kl. 13:30

Þriðjudagar kl. 11:00

Fimmtudagar kl. 11:00

Sunnudagar kl. 10:30

Öll hjartanlega velkomin.



Hjálpræðisherinn á Íslandi
Suðurlandsbraut 72